# ÁRSSKÝRSLA

# Körfuknattleikssambands Íslands

# 1984 - 1985

## STÖRF STJÓRNAR

Á 24. ársþingi KKÍ voru eftirtalin kjörin í stjórn sambandsins fyrir starfsárið 1984 – 1985:

| | |
|---|---|
| Formadur: | Eiríkur Ingólfsson |
| Stjórnarmenn til tveggja ára: | Hilmar Gunnarsson<br>Þóra Steffensen |
| Stjórnarmadur til eins árs: | Jónas I. Ketilsson |
| Sjálfkjörinn til eins árs: | Kristinn Stefánsson. |
| Í varastjórn voru kjörin: | Þórdís Anna Kristjánsdóttir<br>Einar Bollason |

Stjórnarmenn skiptu med sér verkum á eftirfarandi hátt:

Eiríkur Ingólfsson, formadur
Hilmar H. Gunnarsson, varaformadur
Þóra Steffensen, ritari
Kristinn Stefánsson, gjaldkeri
Jónas I. Ketilsson, medstjórnandi

Stjórnin hélt alls 40 bókada fundi á starfsárinu. Í upphafi var ákvedid ad stjórnar- og varastjórnarmenn skyldu skipta med sér nefndastörfum á vegum KKÍ, þannig ad í hverri nefnd ætti sæti fulltrúi stjórnar, med þad fyrir augum ad tengja nefndirnar betur vid stjórnina og audvelda upplýsingastreymi. Má segja ad þetta hafi tekist ad mestu leyti.

Stór hluti starfseminnar hvíldi á framkvæmdastjóra sambandsins, Kolbrúnu Jónsdóttur og var reynsla hennar og dugnadur ómetanleg stod fyrir sjórnina og kann stjórnin henni bestu þakkir fyrir. Í fyrstu var stefnt ad því ad starf framkvæmdastjóra væri 75% stada, en er á leid veturinn var ljóst ad þad var ekki nægilegt og var starf framkvæmdastjóra þá gert ad fullu starfi.

# Nefndir, dómstóll, endurskodendur og starfsmenn 1984 - 1985.

| | |
|---|---|
| **Mótanefnd:** | Gunnar Gunnarsson<br>Jón Steingrímsson<br>Þórdís Anna Kristjánsdóttir |
| **Dómaranefnd:** | Bergur Steingrímsson<br>Ómar Scheving<br>Jónas I. Ketilsson |
| **Landslidsnefnd:** | Helgi Helgason<br>Gunnar Þorvardarson<br>Kristinn Jörundsson |
| **Unglinganefnd:** | Jón Sigurdsson<br>Torfi Magnússon<br>Björn Leósson<br>Sigvaldi Ingimundarson |
| **Aganefnd:** | Hrafn G. Johnsen<br>Jón Eysteinsson<br>Sigurdur Þórarinsson |
| **Dómstóll:** | Jón Jörundsson<br>Árni Gudmundsson<br>Gísli Gíslason |
| **Endurskodendur:** | Gunnar Gunnarsson<br>Sigurdur Valur Halldórsson |
| **Framkvæmdastjóri:** | Kolbrún Jónsdóttir |
| **Fræðslustjóri:** | Hilmar H. Gunnarsson |
| **Landslidsþjálfari og starfsm. landslidsn.:** | Einar Bollason |

Upplýsingar um störf einstakra nefnda og fræðslustjóra koma fram í skýrslum þeirra.

## SKIPUN NEFNDA

Medal fyrstu verkefna nýrrar stjórnar var ad skipa í hinar ýmsu nefndir sem starfa skulu á vegum sambandsins. Þad gekk fremur erfidlega ad manna allar nefndirnar, en hafdist þó ad lokum og skiludu nefndirnar ágætu verki, sérstaklega þó mótanefnd, sem tókst ad yfirstíga alla ördugleika, svo sem þá er verkföll sídast lidid haust höfdu í för med sér.

## DÓMARAMÁL

Þad vard fljótlega ljóst sídast lidid vor ad ástand í dómaramálum væri ordid mjög slæmt. Margir af þeim dómurum sem mest hafdi kvedid ad undangenginn vetur höfdu ekki í hyggju ad dæma næsta vetur og voru nokkrir á leid til útlanda ýmist til náms eda starfa. Þad var því ljóst ad grípa þyrfti til sérstkara adgerda, af hálfu KKÍ, ef ekki ætti ad koma upp neydarástand vegna dómaraskorts. Fyrstu vidbrögd sjórnarinnar voru þau ad haft var samband vid skrifstofu **FIBA** og leitad adstodar. Höfdu menn hug á ad fá hingad erlendan dómara, annad hvort til námskeidahalds um skamman tíma, eda til lengri dvalar. Einnig var þetta mál rætt vid félögin á allsherjarnefndarfundi sídast lidid haust. Þar kom fram áhugi hjá félögunum á þessu máli og voru ad minnsta kosti nokkur félög þá þegar tilbúin ad styrkja þetta fjárhagslega.

Eftir nokkrar bréfaskriftir og símtöl vid starfsmenn **FIBA** og fleiri erlenda adila kom í ljós ad hægt væri ad fá hingad enskan dómara til starfa um þriggja mánada skeid frá áramótum. Einnig stód til boda bandarískur dómari um þriggja til fjögurra vikna skeid í nóvember/desember.

Þegar kostnadur og annad vidvíkjandi þessu máli hafdi verid kannad, var ákvedid ad ráda hingad til starfa enskan dómara **Robert Iliffe** ad nafni og kom hann hingad til lands í byrjun janúar.

**Robert Iliffe** starfadi hér út mars mánud, dæmdi fjölda leikja og hélt námskeid fyrir nýja dómara, frædslufundi fyrir starfandi dómara og starfsmenn leikja auk fyrirlestrahalds og fleiri verkefna. Um störf hans er nánar fjallad í skýrslu dómaranefndar. Þad er mat stjórnarinnar ad starf hans hafi skilad verulegum árangri, bædi hvad vardar fjölgun dómara og svo ekki sídur þad, ad virding fyrir starfi körfuknattleiksdómara jókst verulega fyrir hans tilstudlan, bædi medal leikmanna og annarra áhugamanna um körfuknattleik. Hann á því miklar þakkir skildar fyrir störf sín í þágu körfuknattleiks á Íslandi. Mikilvægt er ad þessu starfi verdi fylgt eftir og hefur stjórnin þegar hugad nokkud ad því máli.

Ekki verdur svo fjallad um þessi mál ad ógetid sé rausnarlegs fjárstudnings sem Körfuknattleikssambandi Íslands barst frá fyrirtækinu **Hildu hf.** en í tilefni af 20 ára afmæli **Hildu hf.** ákvad stjórn fyrirtækisins ad veita **KKÍ** fjárstyrk ad upphæd kr. **230.000**, án nokkurra skuldbindinga af hálfu KKÍ. Óhætt er ad segja ad styrkir af þessu tagi eru fátídir og bera vott um mikinn velvilja í gard körfuknattleiksins. Stjórn **KKÍ** ákvad ad verja þessum peningum óskiptum til þess ad fá hingad erlendan dómara og má segja ad gjöfin rédi úrslitum um ad í þad var rádist.

## FJÁRMÁLIN

Fjárhagsáætlun sem gerd var í upphafi starfsársins benti ekki til þess ad sérstakrar fjáröflunar væri þörf af hálfu sambandsins. Fjárhagsstadan var í upphafi vel vid unandi og þar sem ekki þurfti ad rádast í mikil fjárútlát til dæmis vegna komu erlends dómara reyndist ekki þörf á átaki í þessum málum. Slæm fjárhagsstada unglinganefndar gerdi þad þó ad verkum fjárveitingar til þessara mála urdu meiri en áætlad hafdi verid og olli þad ásamt slæmum heimtum frá félögum sídari hluta vetrar, erfidri lausafjárstödu hjá sambandinu þegar fór ad vora.

Auglýsingatekjur í mótabók, fréttabréfi og KKÍ bladinu voru einnig nokkur tekjuauki og eflaust möguleiki ad nýta hann eitthvad betur í framtídinni.

Erfitt reyndist ad fá hækkadar greidslur vegna sjónvarpssendinga. Stjórnin ákvad ad verja sínum hluta af þessum tekjum til unglinganefndar og var mælst til þess ad félögin gerdu þad einnig, en ekki voru öll félögin tilbúin ad verda vid því og ollu því ýmsar ástædur.

## ÁHRIF VERKFALLS

Verkföll sídast lidid haust settu óneitanlega svip sinn á Íslandsmótid í öllum flokkum. Fresta þurfti leikjum, æfingar féllu nidur og nokkur félög hættu keppni í kjölfar verkfallsins. Þetta kom ekki hvad síst nidur á yngri flokkunum þar sem ridlakeppni var, því eftir stódu örfá lid í hverjum ridli. Þá hafdi verkfallid mjög misjöfn áhrif á adstödu félaga til ad halda uppi æfingum. Sums stadar hafdi þad lítil sem engin áhrif á æfingar, en annars stada féllu æfingar ad miklu leyti nidur.

Mótanefnd tókst ad endurrada leikjum Íslandsmótsins þannig, ad hægt var ad vinna upp áhrif verkfallsins fyrir áramót. Verkfallid hafdi því ekki eins alvarleg áhrif á mótid eins og í fyrstu var óttast.

## ÚTGÁFUSTARF

Gefin var út **Handbók** fyrir Íslandsmótid eins og venja hefur verid. Einnig var gefid út **Dagatal fyrir dómara**. **Fréttabréf KKÍ** var endurvakid og kom út einu sinni til tvisvar í mánudi ad jafnadi medan á Íslandsmótinu stód. Þá var rádist í útgáfu á sérstöku bladi um körfuknattleikinn og kom þad út nú í vor. Útgáfustarf af þessu tagi á ad geta örvad upplýsingastreymi innan **KKÍ**, auk þess ad vera tekjulidur med auglýsingasölu.

## ALLSHERJARNEFNDARFUNDIR

Haldnir voru þrír allsherjarnefndarfundir. Sá fyrsti var haldinn þann 21. júní 1984 og var þar kynnt fjárhagsáætlun auk annarra mála sem ofarlega voru á baugi þá stundina svo sem dómaramálin. Fundurinn var fremur fámennur, en tókst ad ödru leyti bærilega.

Annar fundurinn var haldinn þann 29. ágúst og var hann helgadur dómaramálunum, auk þess sem kynnt var nidurrödun í Íslandsmót. Þessi fundur var fjölmennari en sá fyrsti og tókst vel.

Þridji fundurinn var haldinn þann 20. mars s.l. Þar voru mörg mál á dagskrá, en mestur tími fór í ad ræda dómaramál og keppnisfyrirkomulag í Íslandsmótinu. Fram komu ýmsar hugmyndir um þessi mál og hefur í framhaldi af fundinum verid unnid ad tillögugerd fyrir 25. þing KKÍ.

## EM-NEFND

Í apríl 1986 verdur leikinn hér á landi einn ridill í Evrópukeppninni í körfuknattleik. Þad var eitt af verkefnum stjórnarinnar ad skipa framkvæmdanefnd fyrir þetta mót. Þad starf gekk mjög erfidlega og þegar þetta er ritad er ekki enn búid ad skipa nefndina ad fullu. Nokkud undirbúningsstarf hefur þó verid unnid, en betur má ef duga skal.

## BLAÐASKRIF OG BRÉFASKRIFTIR

Bladaskrif um körfuknattleikinn voru talsvert til umræðu í vetur og sýndist sitt hverjum. Þegar að loknu þingi KKÍ voru skrif um uppgjör vegna leikja, en þau mál voru rædd á þinginu. Eins og síðar kom í ljós var umfjöllun þingsins og bladaskrifin í framhaldi af því að verulegu leyti byggð á misskilningi og var sá misskilningur leiðréttur og blödunum gert vidvart. Ekki reyndist þörf á frekari adgerdum vardandi innheimtu á hlut KKÍ af innkomu á leikjum.

Þá var stjórninni sent opið bréf frá stjórn **Körfudeildar Þórs** á Akureyri vegna meintrar hlutdrægni stjórnarmanna í úrskurði mála. Ákveðið var að svara stjórn körfudeildar Þórs og útskýra málið bréflega án þess að slíkt bréf væri sent dagblöðunum.

## ÍÞRÓTTAÞING

Íþróttaþing ÍSÍ var haldið að Hótel Loftleiðum dagana 29. - 30. september 1984. Sat formaður þingið fyrir höndKKÍ og starfaði í Allsherjarnefnd þingsins. Þá sat formaður einnig sambandsráðsfund ÍSÍ þann 4. maí s.l.

## BIKARKEPPNI - SKÓLAMÓT

Bikarkeppni og skólamót voru haldin með hefðbundnum hætti og var þátttaka svipuð og undanfarin ár.

## KEPPNISFYRIRKOMULAG

Mikið var rætt um keppnisfyrirkomulag í Íslandsmótinu í vetur. Fram komu nokkrar ólíkar skoðanir á gæðum núgildandi fyrirkomulags á keppni í Úrvalsdeild. Vildu sumir kenna fyrirkomulaginu um dræma aðsókn á leiki undankeppninnar. Úrslitakeppnin vakti aftur á móti mikla athygli fjölmiðla og fór aðsókn að leikjum úrslitakeppninnar fram úr björtustu vonum manna. Unnið hefur verið að tillögugerðum keppnisfyrirkomulagið til þess að reyna að sníða af þá vankanta sem komið hafa í ljós og liggja þær tillögur fyrir þinginu.

## HLUTGENGI OG ÁHUGAMANNARÉTTINDI PÉTURS GUÐMUNDSSONAR

Mál Péturs Guðmundssonar var rætt á nokkrum fundum stjórnarinnar í vetur og á norrænu körfuknattleiksþingi var unnið að því að afla stuðnings hinna norðurlandanna við málið og er afstaða þeirra jákvæð. Enn er þó of snemmt að segja til um endalok málins, en það verður tekið fyrir á FIBA þingi í lok maí.

## SAGA KKÍ

Á vegum ÍSÍ er nú unnið að því að rita sögu íþróttahreyfingarinnar á Íslandi. **Gunnar Gunnarsson** hefur góðfúslega tekið að sér að rita kafla um sögu körfuknattleiksins fyrir hönd KKÍ.

## LOKAHÓF

Árvisst lokahóf KKÍ var haldið þann 29. mars. Þar voru veitt 10 einstaklingsverðlaun og dans stiginn fram eftir nóttu.

# SKÝRSLA MÓTANEFNDAR

Verkefni mótanefndar s.l. vetur voru niðurröðun leikja og umsjón með Íslandsmóti og Bikarkeppni, en Skólamót KKÍ voru í umsjón framkvæmdastjóra að þessu sinni.

Á Íslandsmótinu 1985 var keppt í 14 flokkum og sendu 26 félög 119 lið til keppni. Láta mun nærri að leikir mótsins hafi verið um 640. Mótið hófst þann 5. október og síðustu leikir þess fóru fram 12. apríl sl.

Í Bikarkeppninni 1985 var keppt í 6 flokkum. 50 lið frá 15 félögum tóku þátt í mótinu og leikir urðu alls 43. Úrslitaleikir í meistaraflokkum karla og kvenna foru fram 28. mars.

Mótanefnd kom fyrst saman 7. ágúst og lagði drög að starfi vetrarins. Haldnir voru vikulegir fundir og vandamál tekin fyrir jafnóðum og þau komu upp. Alls voru fundir nefndarinnar 35.

Nefndin setti sér það mark í byrjun að keppnistímabilinu lyki fyrir marslok í ár og munaði þar litlu, þrátt fyrir margvíslega erfiðleika og ber þar hæst verkfall opinberra starfsmanna í október mánuði. Fresta varð um 30 leikjum í Íslandsmótinu og Bikarkeppninni seinkaði um mánuð af þessum sökum.

Í öllum mótum þarf að fresta leikjum og liggja þar að baki ýmsar ástæður og er þá ekki verið að ræða um sérstök tilfelli eins og verkföll. Fjórar þær helstu eru: Í fyrsta lagi samgöngutruflanir af völdum veðurs, en þetta hefur ekki verið vandamál í vetur. Einstakt tíðarfar hefur létt störf nefndarinnar verulega. Í öðru lagi er þátttaka liðs dregin til baka ýmist í byrjun móts eða eftir að mót er hafið. Að sjálfsögðu skapar þetta vanda en við þessu er ekkert svar. Í þriðja lagi yfirsést mótanefnd við niðurröðun leikja. Nefndin reyndi við niðurröðun leikja Íslandsmóts að taka tillit til flestra þeirra atriða er orsökuðu frestanir á sl. ári og jafnframt að reyna að verða við beiðnum ýmissa utanbæjarliða varðandi leiki þeirra. Samt sem áður varð að fresta nokkrum leikjum af þessum ástæðum. Í fjórða og síðasta lagi frestast leikir vegna þess að félag sinnir ekki umsjónarskyldu sinni. Því miður er þetta enn of algengt og var þó reynt af hálfu nefndarinnar að fylgjast vel með. Sem refsing við slíkri vanrækslu er í dag sekt að upphæð kr. 250,oo. Slíkt ákvæði hefur ekki tilætluð áhrif. Mótanefnd vil benda á þann möguleika að refsa umsjónaraðila sem bregst umsjónarskuldu sinni og sem jafnframt er hlutaðeigandi að leik með því að leikurinn dæmist þessum aðila tapaður. Efalaust yrði slík refsing til þess að fækka frestuðum leikjum af þessum sökum.

Í heild er ekki hægt að segja að upp hafi komið á tímabilinu nein illleysanleg vandamál við framkvæmd mótanna þótt útlitið hafi stundum verið dökkt.

Mótanefnd vill þakka góða samvinnu við forráðamenn aðildarfélaga og umsjónarmenn þeirra íþróttahúsa þar sem leikir fóru fram. Að lokum vill nefndin færa framkvæmdastjóra KKÍ Kolbrúnu Jónsdóttur sérstakar þakkir fyrir mikla og góða aðstoð við störf nefndarinnar í vetur.

Hér á eftir fara úrlit úr einstökum flokkum Íslandsmóts, Bikarkeppni og Skólamóta.

## ÍSLANDSMÓT 1984 - 1985.

Íslandsmeistarar í einstökum flokkum urðu sem hér segir:

| | |
|---|---|
| Meistaraflokkur karla: | Ungmennafélag Njarðvíkur |
| Meistaraflokkur kvenna: | Knattspyrnufélag Reykljavíkur |
| 1. flokkur karla: | Ungmennafélag Njarðvíkur |
| 2. flokkur karla: | Knattspyrnufélag Reykjavíkur |
| 2. flokkur kvenna: | Íþróttabandalag Keflavíkur |
| 3. flokkur karla: | Íþróttabandalag Keflavíkur |
| 3. flokkur kvenna: | Ungmennafélag Grindavíkur |
| 4. flokkur karla: | Íþróttafélag Reykjavíkur |
| 5. flokkur karla: | Knattspyrnufélagið Haukar |
| Minnibolti: | Ungmennafélag Grindavíkur |
| Lávarðar: | Íþróttafélag Stúdenta |

Sigurvegarar í I.deild karla urðu: Íþróttabandalag Keflavíkur
Sigurvegarar í II. deild karla urðu: Ungmennafélagið Breiðablik
Sigurvegarar í II. deild kvenna urðu: Íþróttabandalag Keflavíkur.

---

### LOKASTAÐAN Í ÚRVALSDEILD.

| Nafn félags | Fj.l. | U.l. | T.l. | Stigaskor | Stig |
|---|---|---|---|---|---|
| UMFN | 20 | 18 | 2 | 1862:1591 | 36 |
| Haukar | 20 | 15 | 5 | 1691:1527 | 30 |
| Valur | 20 | 12 | 8 | 1796:1702 | 24 |
| K.R. | 20 | 8 | 12 | 1672:1632 | 16 |
| Í.R. | 20 | 4 | 16 | 1580:1762 | 8 |
| Í.S. | 20 | 3 | 17 | 1460:1847 | 6 |

Úrslit leikja í úrslitakeppni Úrvalsdeildar

Fyrri umferð

| | | | |
|---|---|---|---|
| 6/3 | Haukar : Valur | | 79 : 80 |
| 8/3 | UMFN : K.R. | | 93 : 81 |
| 9/3 | Í.R. : Í.S. | | 62 : 56 |
| 11/3 | Valur : Haukar | | 81 : 80 |
| 11/3 | K.R. : UMFN | | 82 : 94 |
| 13/3 | Haukar : Valur | | 76 : 74 |
| 14/3 | Í.S. : Í.R. | | 61 : 77 |

Seinni umferð

| | | | |
|---|---|---|---|
| 18/3 | UMFN : Haukar | | 80 : 87 |
| 21/3 | Haukar : UMFN | | 75 : 76 |
| 23/3 | UMFN : Haukar | | 67 : 61 |

---

### LOKASTAÐAN Í I. DEILD KVENNA.

| Nafn félags | Fj.l. | U.l. | T.l. | Stigaskor | Stig |
|---|---|---|---|---|---|
| K.R. | 16 | 14 | 2 | 838 : 596 | 28 |
| Haukar | 16 | 12 | 4 | 676 : 627 | 24 |
| Í.S. | 16 | 7 | 9 | 713 : 625 | 14 |
| Í.R. | 16 | 7 | 9 | 573 : 624 | 14 |
| UMFN | 16 | 0 | 16 | 454 : 782 | 0 |

---

## I. DEILD KARLA.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Í.B.K. | 20 | 17 | 3 | 34 |
| Fram | 20 | 16 | 4 | 32 |
| Reynir | 20 | 11 | 9 | 22 |
| Þór | 20 | 10 | 10 | 20 |
| UMFG | 20 | 6 | 14 | 12 |

UMFL hætti keppni á miðjum vetri og falla því sjálfkrafa í II. deild.

---

## II. DEILD KVENNA.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Í.B.K. | 6 | 6 | 0 | 12 |
| UMFL | 6 | 4 | 2 | 8 |
| Í.A. | 6 | 1 | 5 | 2 |
| Í.M.E. | 6 | 1 | 5 | 2 |

---

## II. DEILD KARLA.

A -riðill

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| UMFS | 10 | 8 | 2 | 16 |
| K.F.Í. | 10 | 8 | 2 | 16 |
| Snæfell | 10 | 6 | 4 | 12 |
| Í.A. | 10 | 5 | 5 | 10 |
| Bræður | 10 | 3 | 7 | 6 |

Hörður hætti keppni á miðjum vetri.

B-riðill

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| U.B.K. | 8 | 8 | 0 | 16 |
| Ú.Í.A | 8 | 5 | 3 | 10 |
| Léttir | 8 | 5 | 3 | 10 |
| Esja | 8 | 2 | 6 | 4 |
| Tindastóll | 8 | 0 | 8 | 0 |

Úrslitaleikur U.B.K. : U.M.F.S. 88 : 87

---

## 2. FLOKKUR KVENNA.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Í.B.K. | 9 | 9 | 0 | 18 |
| K.R. | 9 | 6 | 3 | 12 |
| UMFN | 9 | 3 | 6 | 6 |
| Í.R. | 9 | 0 | 9 | 0 |

---

## 3. FLOKKUR KVENNA.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| UMFG | 9 | 7 | 2 | 14 |
| Haukar | 9 | 6 | 3 | 12 |
| Í.B.K. | 9 | 3 | 6 | 6 |
| Í.R. | 9 | 2 | 7 | 4 |

---

## 1. FLOKKUR KARLA.

Eftirtalin 10 lið tóku þátt og var keppt í tveimur riðlum.

A-riðill: Haukar, Í.A., Í.B.K., Í.R. og Í.S.
B-riðill: K.R., UBK, UMFN, Valur og Fram.

Þar sem mikið vantar af skýrslum úr leikjum í þessum flokki er ekki hægt að setja upp lokastöðu en í úrslit komust Í.S. úr A-riðli og UMFN úr B-riðli.
Í úrslitaleik sigraði lið UMFN lið Í.S. með 83 stigum gegn 82 eftir framlengdan leik.

---

## 2. FLOKKUR KARLA.

7 lið tilkynntu þátttöku og var leikið í einum riðli einföld umferð.

Lokastaðan varð:

| | |
|---|---|
| K.R. | 12 stig |
| Í.R. | 10 stig |
| Haukar | 6 stig |
| UMFN | 6 stig |
| ÍBK. | 6 stig |
| Valur | 2 stig |
| Reynir | 0 stig |

---

## 3. FLOKKUR KARLA.

Þátttökulið voru 12 og var leikið í 3 riðlum.

A-riðill: Í.R., Tindastóll, Þór og Haukar. Í.R. komst í úrslit

B-riðill: UMFN, Valur, UMFL og Reynir. UMFN komst í úrslit

C-riðill: ÍBK, UMFG, K.R., og Fram. ÍBK komst í úrslit.

Úrslit leikja í úrslitakeppninni:

| | | |
|---|---|---|
| UMFN | Í.R. | 75 : 78 |
| ÍBK | UMFN | 82 : 72 |
| Í.R. | ÍBK | 74 : 82 |

Lokastaða:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| ÍBK | 2 | 2 | 0 | 4 |
| ÍR. | 2 | 1 | 1 | 2 |
| UMFN | 2 | 0 | 2 | 0 |

---

## 4. FLOKKUR KARLA.

Þátttökulið voru 16 frá fjórtán félögum og var keppt í fjórum riðlum.

A-riðill: K.R., Tindastóll, Þór og Valur. K.R. í úrslit

B-riðill: ÍR a, ÍR b, ÍA og UMFG. ÍR a í úrslit

C-riðill: ÍBK a, ÍBK b, Reynir og Víkingur Ól. ÍBK a í úrslit.

D-riðill: Haukar, UMFN, UBK og Fram. Haukar í úrslit.

Leikir í úrslitakeppni.

| | | |
|---|---|---|
| K.R. | Haukar | 54 : 52 |
| ÍBK. | Haukar | 56 : 53 |
| Í.R. | ÍBK | 54 : 33 |
| K.R. | Í.R. | 54 : 57 |
| ÍBK | K.R. | 46 : 51 |
| Haukar | Í.R. | 31 : 38 |

Lokastaða:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Í.R. a | 3 | 3 | 0 | 6 |
| K.R. | 3 | 2 | 1 | 4 |
| ÍBK a | 3 | 1 | 2 | 2 |
| Haukar | 3 | 0 | 3 | 0 |

## 5. FLOKKUR KARLA.

Þátttökulið voru 14 frá ellefu félögum og leikið var í þremur riðlum.
A-riðill:
Haukar a, Haukar b, UMFN, UMFG og Tindastóll. Haukar a og UMFN í úrslit.

B-riðill:
ÍBK a, ÍBK b, Hörður og K.R. ÍBK a í úrslit.

C-riðill:
Í.R. a, Í.R. b, Valur, Reynir og UBK. Í.R.a og Valur í úrslit.

Leikir í úrlsit:

| | | | |
|---|---|---|---|
| UMFN | : Haukar | 24 : 30 | |
| Í.R. | : ÍBK | 46 : 40 | |
| Haukar | : ÍBK | 34 : 27 | |
| Valur | : Í.R. | 20 : 17 | |
| Haukar | : Í.R. | 37 : 28 | |
| ÍBK | : Valur | 37 : 31 | |
| Haukar | : Valur | 39 : 30 | |
| ÍBK | : UMFN | 35 : 42 | |
| ÍR | : UMFN | 28 : 33 | |
| Valur | : UMFN | 30 : 44 | |

Lokastaðan.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Haukar | 4 | 4 | 0 | 8 |
| UMFN | 4 | 3 | 1 | 6 |
| Í.R. | 4 | 1 | 3 | 2 |
| ÍBK | 4 | 1 | 3 | 2 |
| Valur | 4 | 1 | 3 | 2 |

---

## MINNIBOLTI.

Þátttöku tilkynntu 16 lið og var þeim skipt í 4 riðla. Þegar eftir fyrstu turneringu var ljóst að einungis 14 lið ætluðu að vera með og var þá gripið til þess ráðs að skella saman A og B riðli.

Í A og B riðli kepptu
Haukar a, Haukar b, Í.R. a, Í.R.b, UBK og Reynir.
Haukar a og Í.R. a komust í úrslit.

C-riðill.
Valur a, Valur b, UMFN og UMFS. Valur a í úrslit.

D-riðill.
UMFG, K.R., ÍBK a og ÍBK b. UMFG í úrslit.

Því miður hafa ekki borist skýrslur úr úrslitum í Minnibolta, þegar þetta er ritað en Íslandsmeistarar urðu UMFG og Valur varð í 2. sæti.

---

## LÁVARÐADEILD.

Sjö lið tilkynntu þátttöku. Leikið var í tveimur riðlum, tvöföld umferð.

A-riðill: Valur, Í.R., Í.S. a og UMFN. Í.S. a í úrslit.

B-riðill: K.R., Ármann og Í.S. b. K.R. í úrslit

Í.S. a sigraði K.R. í úrslitaleik með 70 stigum gegn 69.

---

# BIKARKEPPNI KKÍ 1985.

Bikarmeistarar í einstökum flokkum urðu sem hér segir:

| | |
|---|---|
| Meistaraflokkur karla: | Knattspyrnufélagið Haukar |
| Meistaraflokkur kvenna: | Íþróttafélag Stúdenta |
| 2. flokkur kvenna: | Íþróttabandalag Keflavíkur |
| 2. flokkur karla: | Knattspyrnufélag Reykjavíkur |
| 3. flokkur karla: | Íþróttafélag Reykjavíkur |
| 4. flokkur karla: | Íþróttafélag Reykjavíkur |

Úrslit í einstökum leikjum urðu:

Meistaraflokkur karla:

1. umferð

| | | |
|---|---|---|
| K.R. a | : Í.S. a | 92 : 61 |

2. umferð

| | | |
|---|---|---|
| Í.R. | : Valur | 100 : 65 |
| Snæfell | : K.R. | 57 :121 |
| UMFS | : Fram | 78 :101 |
| ÍBK b | : Haukar | 57 :115 |
| UMFG | : ÍBK a | 81 : 95 |
| K.R. b. | : Þór | 72 : 53 |
| UBK | : Reynir | 91 : 86 |
| Í.S. b | : UMFN | 63 : 95 |

3. umferð.

| | | |
|---|---|---|
| Valur | : K.R. a | 72 : 73 |
| ÍBK a | : UBK | 86 : 76 |
| UMFN | : Haukar | 75 : 76 |
| Fram | : K.R. b. | 95 : 61 |

Undanúrslit.

| | | |
|---|---|---|
| Haukar | : Fram | 95 : 73 |
| K.R. a | : ÍBK a | Skýrslu vantar en K.R. vann |

Úrslit

| | | |
|---|---|---|
| Haukar | : K.R. a | 73 : 71 |

---

Meistaraflokkur kvenna.

1. umferð

| | | |
|---|---|---|
| ÍS | : K.R. | 43 : 39 |
| Haukar | : ÍBK | 67 : 45 |
| ÍMA | : ÍR | Skýrslu vantar en Í.R. vann. |

UMFN sat hjá.

Undanúrslit:

| | | |
|---|---|---|
| Í.R. | : Haukar | 50 : 45 |
| UMFN | : Í.S. | 25 : 35 |

Úrslit: Í.S. : Í.R. 25 : 24

---

2. flokkur kvenna.

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. umferð | Haukar | : K.R. | 36 : 26 |
| Undanúrslit | UMFS | : UMFN | 2 : 0 |
| | Haukar | : ÍBK | 32 : 33 |
| Úrslit | ÍBK | : UMFS | 64 : 37 |

---

## 2. flokkur karla.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Átta liða úrslit: | Þór | : Í.R. | 79 : 101 | |
| | UMFG | : ÍBK | 63 : 57 | |
| | VALUR | : KR | 49 : 112 | |
| | Haukar | : UMFN | 106 : 104 | |
| Undanúrslit: | Haukar | : UMFG | Skýrslu vantar en Haukar unnu. | |
| | Í.R. | : K.R. | 79 : 80 | |
| Úrslit: | K.R. | : Haukar | 86 : 85 | |

---

## 3. flokkur karla.

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. umferð: | Valur | : Haukar | 66 : 77 |
| | UMFN | : ÍBK | 80 : 60 |
| | K.R, og Í.R. sátu hjá. | | |
| Undanúrslit: | Haukar | : Í.R. | 79 : 103 |
| | K.R. | : UMFN | 71 : 83 |
| Úrslit: | UMFN | : Í.R. | 73 : 79 |

---

## 4. flokkur karla.

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. umferð : | Valur | : K.R. | 70 : 74 |
| | Í.R. | : UMFG | 35 : 32 |
| | UMFN | : Haukar | 43 : 33 |
| | ÍBK sat hjá. | | |
| Undanúrslit: | Haukar | : K.R. | Skýrslu vantar en Haukar unnu. |
| | Í.R. | : ÍBK. | 55 : 38 |
| Úrslit: | Haukar | : Í.R. | 32 : 38 |

---

# SKÓLAMÓT KKÍ 1985.

Grunnskólamót: Þar er leikið í þremur flokkum þ.e. eldri flokki pilta, yngri flokki pilta og stúlknaflokki.

Eldri flokkur pilta.

| A-riðill | B-riðill |
|---|---|
| Stóru Vogaskóli | Vogaskóli |
| Víðistaðaskóli | Borgarnes |
| Njarðvík | Langholtsskóli |
| Hólabrekkuskóli | Fellaskóli |
| Holtaskóli | Öldutúnsskóli |

| C-riðill | D-riðill |
|---|---|
| Blönduós | Stykkishólmur |
| Sauðárkrókur | Ólafsvók |

E-riðill
Hagaskóli
Æfingadeild KHÍ
Hvassaleitisskóli

Undirstrikuðu liðin eru þau sem komust í úrslit og fara úrslit leikja í úrslitakeppninni hér á eftir.

| | | |
|---|---|---|
| Ólafsvík | : Sauðárkrókur | 26 : 47 |
| Hagaskóli | : Holtaskóli | 41 : 36 |
| Sauðárkrókur | : Öldutúnsskóli | 31 : 42 |

Úrslitaleikur: Hagaskóli : Öldutúnsskóli 50 : 31

Yngri flokkur pilta.

| A riðill | B-riðill |
|---|---|
| Langholtsskóli | Hellissandur |
| Fellaskóli | Ólafsvík |
| Njarðvík | Stykkishólmur |
| Víðistaðaskóli | |
| Holtaskóli | |

Úrslitaleikur: Njarðvík : Stykkishólmur 47 : 11

Stúlknaflokkur.

| A-riðill | B-riðill | C-riðill |
|---|---|---|
| Fellaskóli | Stykkishólmur | Blönduós |
| Holtaskóli | Hellissandur | Sauðárkrókur |
| Hólabrekkuskóli | Ólafsvík | |
| Njarðvík | | |
| Borgarnes | | |

| | | |
|---|---|---|
| Holtaskóli | : Hellissandur | 44 : 13 |
| Holtaskóli | : Sauðárkrókur | 50 : 16 |

Framhaldsskólamót: Leikið í tveimur flokkum piltaflokki og stúlknaflokki

Stúlknaflokkur.

| A-riðill | B-riðill |
|---|---|
| Verkmenntaskólinn á Akureyri | Menntaskólinn á Laugarvatni |
| Menntaskólinn á Akureyri | Flensborg Hafnarfirði |
| Fjölbrautaskólinn Breiðholti | Íþróttakennaraskóli Íslands |
| Fjölbrautaskólinn Akranesi | Fjölbrautaskóli Suðurnesja |

Úrslitaleikur: Fjölbrautaskólinn Breiðholti : Íþróttakennaraskóli Íslands 41 : 30

Framhalds-
skólamót: Piltaflokkur

A-riðill
Menntaskólinn á Akureyri
Verkmenntaskólinn á Akureyri
Kvennaskólinn í Reykjavík
Flensborg Hafnarfirði
Verslunarskóli Íslands

B-riðill
Héraðsskólinn í Reykholti
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti
Kennaraháskóli Íslands
Fjölbrautaskóli Suðurnesja
Fjölbrautaskólinn á Akranesi

C- riðill
Menntaskólinn á Laugarvatni
Íþróttakennaraskóli Íslands
Tækniskóli Íslands
Menntaskólinn v/Hamrahlíð
Fjölbrautaskólinn í Ármúla
Menntaskólinn v/ Sund.

Úrlsit leikja í úrslitakeppni.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Fjölbrautaskólinn Breiðholti | : | Verslunarskólinn | 43 : 82 |
| Tækniskóli Íslands | : | Verslunarskólinn | 55 : 66 |
| Fjölbrautaskólinn Breiðholti | : | Tækniskólinn | 76 : 74 |

Mótanefnd KKÍ 1984 - 85.
Gunnar Gunnarsson
Þórdís Kristjánsdóttir
Jón Steingrímsson

SKÝRSLA FRÆÐSLUSTJÓRA.

ÚTGÁFA.

Síðastliðið vor kom út námsefni á vegum KKÍ. Námsefni þetta er svokallað B-stig sem samanstendur af þremur bókum og svo var gefinn út viðauki við A-stigið, Minniboltakennsla, þannig að A-stigið er nú tvær bækur. Gefin voru út 500 eintök af hverri bók samtals 2000 bækur og var kostnaðurinn við útgáfuna 114,000,oo kr. Hluti þessarar upphæðar var fenginn með auglýsingum í bókunum, ÍSÍ styrkti útgáfuna með 25,000,oo kr. og vil ég þakka stjórn ÍSÍ kærlega fyrir þeirra framlag. Afgangurinn lagðist á herðar KKÍ.

ÚTBREIÐSLA.

Í ágúst var hafist handa við útbreiðslu námsefnisins. Námsgagnastofnun fékk 50 bækur og nokkrir skólar pöntuðu bækur hjá KKÍ. Í lok ágúst var ég boðaður á fund, af Dr. Ingimar Jónssyni námsstjóra í íþróttum, ásamt 11 íþróttakennurum sem kenna við íþróttabrautir fjölbrautaskólanna. Byrjað var á að kynna þeim þeim viðaukann við A-stigið, Minniboltakennsluna, og var hverjum og einum afhent eintak af þeirri bók. Kom það fram á þessum fundi að A-stigi KKÍ er ekki lokið nema allt efni sé kennt og lengist námskeiðið um 10 kennslustundir með viðbótinni, frá því sem áður var og er nú 47 kennslustundir.
Eftir kynninguna á A-stigs viðbótinni var þeim sýnt B-stigið og fögnuðu þeir þessu framtaki KKÍ mjög.

NAMSKEIÐ.

A-stigs námskeiðin eru nú að mestu í höndum þeirra skóla sem bjóða upp á íþróttabrautir og er það vegna þess að á undanförnum árum hefur ekki tekist að fá nægilega þátttöku á þau námskeið sem auglýst hafa verið á vegum KKÍ. Við reynum að halda góðu sambandi við skólana og fáum senda nafnalista yfir þá sem ljúka A-stigi og eru þeim send tilheyrandi viðurkenningarskjöl frá KKÍ. Nemendur sem lokið hafa A-stigi KKÍ eru nú um 300 talsins.

B-STIGS NÁMSKEIÐ.

Í lok síðasta sumars var hafist handa við fyrsta B-stigs námskeiðið. Þar sem seinlega gekk að fá kennara til að kenna á námskeiðinu þá varð auglýsingaherferðin ekki eins og best verður á kosið. Námskeiðið var auglýst í útvarpi og í tveimur af þremur dagblöðum sem samband var haft við og einnig var haft samband við flest félögin og forráðamenn þeirra beðnir að kynna námskeiðið innan sinna félaga og gekk það misjafnlega enda fyrirvarinn orðinn heldur stuttur.
Þann 6.9. 1984 hófst svo námskeiðið og var það haldið í Vörðuskóla í Reykjavík. Upphaflega voru 17 þátttakendur en nokkrir heltust úr lestinni og 12 luku námskeiðinu. Námskeiðið hófst með fyrirlestri Sigurjóns Sigurðssonar bæklunarlæknis um íþróttameiðsl en aðrir kennarar voru Guðmundur Ólafsson íþróttakennari sem talaði um þjálffræði, Ingvar Jónsson íþróttakennari sá um svæðisvörnina og sókn gegn henni, Sigurður Valur Halldórsson dómari sá um leikreglur og dómaramál og Einar Bollason landsliðsþjálfari tók fyrir maður á mann vörn og sókn gegn henni, pressuvörn og sókn gegn henni, hraðupphlaup, upplýsingaöflun og loks hafði hann fyrirlestur um íþróttasálarfræði. Eiga þessir heiðursmenn mínar bestu þakkir fyrir vel unnin störf. Námskeiðið stóð yfir í rúmar tvær helgar eða um 77 kennslustundir og var það bæði bóklegt og verklegt. Námskeiðinu var slitið þann 14.10."84 að Hótel Esju og voru nemendum þá afhent viðurkenningarskjöl. Annað B-stigs námskeið var fyrirhugað nú í vor en vegna anna kennara varð frá að hverfa.

C-STIGS NÁMSKEIÐ.
C-stigs námsefnið er enn ekki fullmótað en vonast er til að mótun þess ljúki fyrr en síðar en það liggur kannski ekki svo mikið á fyrr en fleiri B-stigs námskeiðum er lokið.

FÉLAGSMÁLANÁMSKEIÐ.
Félagsmálanámskeið? Til hvers? Hvað kemur það körfubolta við? Svarið er einfalt, til þess að körfuboltinn blómstri í landinu þarf hann að blómstra innan félaganna og öll vitum við að til þess svo verði þarf fólk til að stjórna. Það starf leggst oftast á hendur fárra góðra manna ár eftir ár. Oft eru þessir menn neyddir til að taka þessi störf að sér þar sem aðrir bera fyrir sig fákunnáttu í þessum efnum. Þess vegna hélt ég að svona námskeið yrði vinsælt og að forráðamenn félaganna sæju sér leik á borði og sendu nokkra af félagamönnum sínum á námskeið en því miður varð ekki sú raunin á. Enginn lét skrá sig á námskeiðið. En ekki örvænta við reynum aftur næsta vetur.

Að lokum vil ég þakka öllum þeim sem hafa á einn eða annan hátt styrkt eða aðstoðað við útbreiðslustarfssemina. Svo þakka ég framkvæmdastjóra KKÍ, Kolbrúnu Jónsdóttur og stjórnarmeðlimum gott samstarf í vetur.

Hilmar H. Gunnarsson
fræðslustjóri.

# SKÝRSLA LANDSLIÐSNEFNDAR.

Landsliðsnefnd skipa Kristinn Jörundsson, Helgi Helgason og Gunnar Þorvarðarson. Þjálfari var ráðinn Einar Bollason og aðstoðarþjálfari Gunnar Þorvarðarson.
Nefndin tók til starfa sl. haust og var fyrsta verkefni hennar að athuga með leiki fyrir landsliðið. Fjölda þjóða var skrifað en erfiðlega gekk að fá leiki þar sem flestar þjóðir skipuleggja langt fram í tímann. Verður það að teljast kraftaverki líkast hversu marga leiki tókst að útvega liðinu.
Fyrsta verkefni liðsins var ferð til Noregs, þar sem leiknir voru tveir leikir og tókst sú ferð mjög vel þrátt fyrir tvö töp. Næsta verkefni var POLAR CUP í Kouvola í Finnlandi, þar hafnaði liðið í 4. sæti.
Strax eftir heimkomuna kom landslið Luxemborgar í heimsókn og voru leiknir 4 leikir á jafnmörgum dögum. Í janúar fékk liðið boð um að taka þátt í fjögurra landa móti í Austurríki og var því tekið. Auk Íslands leika þar landslið Austurríkis, Ungverjalands og Tyrklands.
Valinn var stór hópur pilta strax í byrjun keppnistímabils og fylgst með þeim í leikjum Íslandsmótsins. Stöðug endurskoðun var í gangi og margir prófaðir enda var sá tilgangurinn með þessum vetri. Má ætla að eftir mótið í Austurríki í lok maí verði að nokkru fullmótaður sá kjarni sem notaður verður á EM 1986.

## VERKEFNI LANDSLIÐSINS VETURINN "84-"85.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| I. Noregur : Ísland | Oslo | janúar | 1985 | 79 : 81 |
| Noregur : Ísland | Kongsberg | janúar | 1985 | 71 : 89 |

II. Polar Cup í Kouvola í Finnlandi 18. - 21. apríl 1985.

| | | |
|---|---|---|
| Finnland | : Ísland | 90 : 53 |
| Svíþjóð | : Ísland | 74 : 69 |
| Noregur | : Ísland | 91 : 73 |
| Danmörk | : Ísland | 68 : 84 |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| III. Ísland | : Luxemburg | Keflavík | 25.04.1985 | 93 : 84 |
| Ísland | : Luxemburg | Hafnarfirði | 26.04.1985 | 76 : 70 |
| Ísland | : Luxemburg | Seljaskóla | 27.04.1985 | 98 : 65 |
| Ísland | : Luxemburg | Akureyri | 28.04.1985 | 85 : 75 |

Samtals 10 leikir, 5 unnir og 5 tapaðir.

Þessir leikmenn léku í leikjum vetrarins.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Torfi Magnússon | fl. | Valur | 10 leikir |
| Valur Ingimundarson | vfl. | UMFN | 10 leikir |
| Pálmar Sigurðsson | | Haukar | 10 leikir |
| * Ívar Webster | | Haukar | 10 leikir |
| Jón Kr. Gíslason | | ÍBK | 9 leikir |
| * Birgir Mikaelsson | | K.R. | 9 leikir |
| Hreinn Þorkelsson | | Í.R. | 8 leikir |
| * Gylfi Þorkelsson | | Í.R. | 8 leikir |
| * Guðni Guðnason | | K.R. | 8 leikir |
| * Tómas Holton | | Valur | 8 leikir |
| * Ólafur Rafnsson | | Haukar | 4 leikir |
| * Henning Henningsson | | Haukar | 2 leikir |
| Árni Lárusson | | UMFN | 2 leikir |
| * Hreiðar Hreiðarsson | | UMFN | 1 leikur |
| * Björn Steffensen | | Í.R. | 1 leikur |

* merkir að leikmaðurinn hafi leikið sinn fyrsta landsleik í vetur.

Torfi Magnússon náði þeim áfanga að leika sinn 100. landsleik og Jón Kr. Gíslason sin 25.

F.h. Landsliðsnefndar
Helgi Helgason
ritari.

## SKÝRSLA DÓMARANEFNDAR.

Í stuttu máli má segja að störf dómaranefndar hafi einkennst af þrennu.

a. Dómaraskorti
b. Uppbyggingu
c. Fámennri nefnd

A. Stórt skarð var höggvið í raðir dómara á sl. ári. Sumir flúðu land aðrir settust að úti á landi og vorum við fáir eftir með stórt verkefni framundan. Svo fáir sem við vorum reyndist ómögulegt að mynda þriggja manna hópa eins og gert hafði verið árið áður með góðum árangri. Fáliðaðir en velliðaðir get ég ekki annað sagt en að starf okkar hafi tekist með ágætum.

B. Stærsti liðurinn í uppbyggingunni hjá okkur var að fá Robert Iliffe hingað til lands og að okkar áliti skilaði hann mjög góðu starfi, fyrst og fremst með dómaranámskeiðum svo og leiðbeiningum til starfandi dómara og ekki síst með eigin dómgæslu. Ekki vildi ég hugsa þá hugsun til enda hvernig farið hefði ef hans (þ.e. Rob) hefði ekki notið við og erum við dómarar mjög þakklátir fyrir komu hans.

C Erfitt reyndist sl. haust að koma saman dómaranefnd og var það ekki fyrr en undir jól að hún varð fullskipuð og þá meira að nafninu til en hitt. Eftir komu Roberts Iliffe í byrjun janúar lagaðist það þó til muna og voru haldnir margir og góðir fundir á vegum nefndarinnar og kom Rob með margar góðar hugmyndir með sér, um hvernig störfum dómaranefndar skyldi hagað og ættu þær að skila sér strax næsta vetur með betra fyrirkomulagi nefndarinnar.

Að lokum vil nefndin þakka Dollu fyrir ánægjulegt samstarf á liðnum vetri.

Dómaranefnd KKÍ 1985

Jónas Ingi Ketilsson

Bergur Þór Steingrímsson

Ómar Schewing.

# Skýrsla unglinganefndar KKÍ

Unglinganefnd KKÍ 1984-1985 skipuðu eftirtaldir:

Björn Leósson
Jón Sigurðsson
Sigvaldi Ingimundarson
Torfi Magnússon

Samþykkt var á síðasta ársþingi KKÍ, að unglinganefnd skyldi fá beinan fjárstuðning til reksturs starfsseminnar. Þetta var í fyrsta sinn, sem það hefur verið gert og kom sér mjög vel, því umsvif nefndarinnar hafa aukist ár frá ári.

Unglinganefnd vill líka koma þakklæti til félaganna í úrvalsdeild, sem gáfu nefndinni tekjur sínar af útsendingu leikja í sjónvarpinu, en það gerðu öll félögin nema ÍR og VALUR.

## Æfingabúðir drengja.

Í maí voru haldnar æfingabúðir í Reykjavík fyrir drengi fædda 1970 og 1971. Þátttakendur voru tæplega 50 talsins og þótti lukkast vel. Gaf þar að líta marga efnilega leikmenn og verður án efa skemmtilegt verkefni að vinna með þeim á næstu árum.

## Kentucky All Stars.

Þetta lið kom nú öðru sinni til Íslands og gegn þeim var valið úrvalslið skipað leikmönnum 20 ára og yngra. Fyrri leikurinn var mjög jafn og sigraði Kentucky með 92-89. Í seinni leiknum snerist dæmið við og sigraði íslenska úrvalsliðið eftir framlengdan leik með 114-110 (99-99). Íslenska liðið var skipað þessum leikmönnum:

| | |
|---|---|
| Páll Kolbeinsson KR | Axel Nikulásson ÍBK/USA |
| Guðni Guðnason KR | Viðar Vignisson ÍBK/USA |
| Birgir Mikaelsson KR | Sigurður Ingimundarson ÍBK |
| Ólafur Guðmundsson KR | Guðjón Skúlason ÍBK |
| Karl Guðlaugsson ÍR | JÓhannes Kristbjörnss UMFN/USA |
| Kristinn Einarsson UMFN | Kristinn Kristinsson HAUKUM |
| Henning Henningsson HAUKUM | fyrirliði |

## Stockholm Basket Cup.

Í byrjun júní héldu til Svíþjóðar 2 lið skipuð leikmönnum, sem valdir höfðu verið með Evrópukeppni "cadetta" í huga. Þessi tvö lið tóku þátt í alþjóðlegri keppni, sem sænska liðið ALVIK heldur árlega. Að þessu sinni tóku um 200 lið þátt í þessu skemmtilegu móti. Eftirtaldir leikmenn skipuð lið Íslands:

| ICEBASKET B | ICEBASKET A |
|---|---|
| Einvarður Jóhannsson ÍBK | Leifur Garðarson HAUKUM |
| Falur Harðarson ÍBK | Skarphéðinn Eiríksson HAUKUM |
| Magnús Guðfinnsson ÍBK | Skúli Thorarensen KR |
| Steinþór Helgason UMFG | Eyjólfur Sverrisson TINDST |
| Hannibal Guðmundsson UMFG | Haraldur Leifsson TINDST |
| Friðrik Rúnarsson UMFN | Anton Jónmundsson FRAM |
| Lárus Valgarðsson KR | Gestur Gylfason ÍBK |
| Árni Blöndal KR | Ólafur Gottskálksson ÍBK |
| Árni S.Gunnarsson ÍR | Þorkell Þorkelsson UMFL |
| Bjarki Þorsteinsson FRAM | Einar Kristófersson UMFS |
| Rögnvaldur Sæmundsson FRAM | Sigurvin Bjarnason ÍR |
| Kristján Jónsson SNÆFELL | Herbert Arnarsson ÍR |

Stefán Valsson KR kom með, en gat ekki leikið vegna meiðsla.

Úrslit leikja:

| | |
|---|---|
| Iceb. B - Jaarfalla 38-52 | Iceb. A - Sundsval 39-58 |
| Iceb. B - Akropolis 61-34 | Iceb. A - Iowa USA 37-57 |
| Iceb. B - Nokia 25-47 | Iceb. A - Centraal 55-53 |
| Iceb. B - Alvik 42-60 | Iceb. A - St.Clair 40-44 |

## Æfingabúðir drengja og unglinga.

Í lok ágúst voru haldnar æfingabúðir að Selfossi fyrir drengi á aldrinum 12-16 ára. Þátttaka var ca.40-50 og voru allir mjög ánægðir með framkvæmd og aðbúnað allan.

Þjálfurum félaganna hefur jafnan verið boðið að koma og fylgjast með, en því miður hafa aðeins örfáir notfært sér þessi boð. Við viljum hér og nú skora á þjálfara félaganna að koma næst, þegar kallið kemur. Það skal líka tekið fram, að þeir geta komið sér að kostnaðarlausu.

## Norðurlandamót unglinga 1985.

Íslenska unglingalandsliðið skipað leikmönnum fæddum 1966-67 tók þátt í Norðurlandamótinu, sem fram fór í Lundi í Svíþjóð daganna 2.-4.jan.1985. Þessir leikmenn skipuðu liðið:

| | |
|---|---|
| Hreiðar Hreiðarsson | UMFN fyrirliði |
| Teitur Örlygsson | UMFN |
| Guðmundur Bragason | UMFG |
| Birgir Jóhannsson | KR |
| Jóhannes Sveinsson | ÍR |
| Vignir M. Hilmarsson | ÍR |
| Karl Guðlaugsson | ÍR |
| Jón Örn Guðmundsson | ÍR |
| Guðjón Skúlason | ÍBK |
| Skarphéðinn Héðinsson | ÍBK |

Úrslit leikja urðu :

| | | | |
|---|---|---|---|
| 2.jan | Ísland - Noregur | 69 - 86 |
| 3.jan | Ísland - Finnland | 73 - 92 |
| 3.jan | Ísland - Svíþjóð | 88 - 112 |
| 4.jan | Ísland - Danmörk | 73 - 88 |

Þjálfari var Jón Sigurðsson og aðst.þjálfari var Björn Leósson. Dómari frá Íslandi var Sigurður Valur Halldórsson.

" Coca-cola " mót unglinganefndar.

Í byrjun apríl hélt nefndin mót fyrir minni-bolta, 5.flokk, 4.flokk drengja og 3.flokk kvenna. Alls tóku 37 lið þátt í mótinu og er stefnt að því að gera mótið að árlegum viðburði. Reynt verður að fá erlend unglingalið til þátttöku á næsta ári og hafa þegar tvö lið sýnt því áhuga. Sigurvegarar á þessu móti voru:

| | | | |
|---|---|---|---|
| minni bolta: | HAUKAR | 5.flokki: | HAUKAR |
| 4.flokki: | ÍBK | 3.flk.kv: | UMFG |

Evrópukeppni " cadetta " 1985.

Drengjalandslið Íslands (16 ára og yngri) í körfuknattleik tók í Evrópukeppni "cadetta" 1985. Keppni þessi fór fram í San Benedetto del Tronto á Ítalíu daganna 17.-21.apríl s.l. Ísland var í riðli með Ítalíu, Ísrael, Grikklandi og Kýpur.
Eftirtaldir drengir skipuðu lið Íslands:

| | | |
|---|---|---|
| Einvarður Jóhannsson | ÍBK | fyrirliði |
| Eyjólfur Sverrisson | TINDST | |
| Falur Harðarson | ÍBK | varafyrirliði |
| Haraldur Leifsson | TINDST | |
| Herbert Arnarson | ÍR | (14 ára) |
| Hermann Bauer | ÍBK | |
| Lárus Valgarðsson | KR | |
| Magnús Guðfinnsson | ÍBK | |
| Rúnar Árnason | UMFG | (15 ára) |
| Skarphéðinn Eiríksson | HAUKAR | |

Úrslit leikja urðu:

| | | |
|---|---|---|
| 17.apr. | Ísland - Grikkland | 51 - 95 |
| 18.apr. | Ísland - Kýpur | 59 - 68 |
| 19.apr. | Ísland - Ísrael | 38 - 100 |
| 20.apr. | Ísland - Ítalía | 56 - 97 |

Þjálfari var Jón Sigurðsson og aðst.þjálfari var Sigvaldi Ingimundarson. Fararstjóri var Björn Leósson.
Dómari frá Íslandi var Sigurður Valur Halldórsson.

<u>Helstu verkefni</u>, sem bíða næstu unglinganefndar eru:

1. Æfingabúðir fyrir minni bolta og 5.flokk í maí.

2. Æfingabúðir og undirbúningur tveggja liða til þátttöku í "Stockholm Basket Cup" daganna 10.-16.júní n.k.

3. Æfingabúðir fyrir 12-16 ára drengi í lok ágúst n.k.

4. Undirbúningur "júníora" fyrir Evrópukeppni í apríl 1986, en það eru unglingar fæddir 1967 og yngri.

Að lokum vill unglinganefnd þakka þeim fjölmörgu, sem hjálpuðu okkur við að gera ofangreind verkefni að veruleika.

F.h. unglinganefndar
Jón Sigurðsson.